



**Innra mat**

**Sjálfsmatsskýrsla  
Skólaárið 2023-2024**


*15. nóvember 2024*  
Grétar Karlsson, verkefnisstjóri innra mats

## Efnisyfirlit

Matsþættir í FNV .....	3
Matsáætlun 2023-2027 .....	3
Framkvæmd.....	4
Niðurstöður matsþátta.....	6
Áfangakönnun á haustönn 2023 .....	6
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar .....	8
Áfangakönnun á vorönn 2024 .....	9
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar .....	11
Sameyki – Stofnun ársins 2023.....	12
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar .....	14
Skólapúlsinn.....	15
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar .....	16
Umbótatillögur .....	17

## Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta og önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



## Matsáætlun 2023-2027

### Sjálfsmatsáætlun 2023-2027

Haust 2023	Vor 2024	Haust 2024	Vor 2025
<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>
Íslenska æskulýðsrannsóknin	Skólapúlsinn	Íslenska æskulýðsrannsóknin	Skólapúlsinn
Áfangakönnun: Hópur 1	Áfangakönnun: Hópur 2	Áfangakönnun: Hópur 3	Áfangakönnun: Hópur 4
<b>Kennarar og starfsfólk:</b>		<b>Kennarar og starfsfólk:</b>	
Sameyki - Stofnun ársins		Sameyki - Stofnun ársins	
Haust 2025	Vor 2026	Haust 2026	Vor 2027
<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>	<b>Nemendur:</b>
	Skólapúlsinn	Íslenska æskulýðsrannsóknin	Skólapúlsinn
Áfangakönnun: Hópur 1	Áfangakönnun: Hópur 2	Áfangakönnun: Hópur 3	Áfangakönnun: Hópur 4
<b>Kennarar og starfsfólk:</b>		<b>Kennarar og starfsfólk:</b>	
Sameyki - Stofnun ársins		Sameyki - Stofnun ársins	

## Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Teymi um innra mat skólaárið 2023-2024 skipa Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats, Ágúst Ingi Ágústsson, Guðrún Helga Tryggvadóttir og Einar Ísfjörð Sigurpálsson fyrir hönd nemenda.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn s.s. niðurstöður *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir Sameykis. Aðrar kannanir er lagðar fyrir ef og þegar tilefni þykir til.

Þegar utanaðkomandi aðilar leggja fyrir kannanir eins og t.d. Skólapúlsinn og Sameyki forðast skólinn að vera með sínar eigin kannanir á svipuðum tíma þar sem reynslan sýnir að þá lækkar svarhlutfall.

Á skólaárinu 2023-2024 voru lagðar fyrir eftirfarandi kannanir:

### Áfangakönnun á haustönn 2023.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 29. nóvember til 13. desember. Fjöldi svara í áfangakönnun var 158 (85% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Fulltrúar teymis um innra mat fóru í kennslustundir auk þess sem sendur var tölvupóstur á nemendur til að óska eftir þátttöku. Breyting var gerð á áfangakönnunum og engar greiningarspurningar eru nú í könnuninni. Einnig var fallið frá því að leggja áfangakannanir fyrir eina deild á önn og í staðinn er kennurum skipt upp í fjóra einsleita hópa og áfangakönnun lögð fyrir hjá einum hópi kennara á önn. Þeir áfangar sem voru til skoðunar á þessari önn voru: DANS1AA05, EFMA1JS04, GRTE1FF05, HLGS2SF04, LÍFF2AL05, LÍFF3VF05, LÝÐH1HÞ01 (2 hópar), RAFM1GA05, RAFM3RE05, UPPT1UT05 (2 hópar) og ÞÝSK1AU05.

Til stóð að leggja sömu könnun fyrir á starfsbraut en könnunin reyndist þeim nemendum erfið.

### Áfangakönnun á vorönn 2024.

Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 22. apríl til 12. maí. Fjöldi svara í áfangakönnun var 136 (83% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU. Fulltrúar teymis um innra mat fóru í kennslustundir auk þess sem sendur var tölvupóstur á nemendur til að óska eftir þátttöku. Á þessari önn var áfangakönnunin lögð fyrir hjá kennarahópi 2 og þeir áfangar sem voru valdir til skoðunar voru: FRLA3RB05, HEST1GF05, HEST2KF05, ÍSLE2MB05, ÍSLE3BF05, ÍPRÓ2AK03, KYNJ1KY03, LÍFS1FL02, RAMV1HL05, RATL2BV05, SPÆN1AG05, SPÆN1TM05, STÝR1LV05, STÆR2RH05 og STÖL2SA04.

### Sameyki – Stofnun ársins 2023.

Starfsmannakönnun Sameykis var lögð fyrir á haustönn 2023 af Gallup. Þátttakendur í könnuninni voru 31 og svarhlutfall 57% (fjöldi útsendra lista voru 54). Framkvæmdartími könnunar var nóvember – desember 2023. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra varð í sjöunda sæti í flokki stofnana með 40-89 starfsmenn.

### Íslenska æskulýðsrannsóknin á vorönn 2024.

Íslensku æskulýðsrannsóknin var lögð fyrir 26. janúar. Niðurstöður hafa ekki verið birtar.

**Skólapúlsinn á vorönn 2024.**

Könnunin hófst 3. apríl og lauk 5. maí. Þátttakendur voru 99 og af þeim svöruðu 73 könnuninni eða 73,7%. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

## Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi önn.

### Áfangakönnun á haustönn 2023

Heildarniðurstöður

Spurning	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	31,0%	49,4%	13,9%	4,4%	1,3%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	40,5%	45,6%	13,3%	0,6%	0,0%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	54,4%	38,6%	5,1%	1,3%	0,6%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	50,3%	32,5%	14,6%	2,5%	0,0%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	40,1%	40,8%	15,9%	3,2%	0,0%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	37,3%	46,2%	15,2%	1,3%	0,0%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	59,2%	35,7%	4,5%	0,6%	0,0%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	48,1%	34,8%	12,7%	3,8%	0,6%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	33,1%	38,9%	25,5%	2,5%	0,0%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	31,2%	45,9%	21,0%	1,9%	0,0%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	41,4%	45,9%	12,1%	0,6%	0,0%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	30,6%	37,6%	24,2%	5,7%	1,9%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	36,7%	36,7%	20,9%	5,1%	0,6%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	51,6%	41,4%	7,0%	0,0%	0,0%
Moodle síða áfangans er gagnleg	39,7%	36,5%	19,9%	1,9%	1,9%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	42,4%	41,1%	11,4%	4,4%	0,6%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	53,8%	32,3%	12,7%	0,6%	0,6%

## Meðaltöl hópa

Spurning	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	35,0%	48,4%	12,6%	3,3%	0,6%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	41,3%	46,0%	12,3%	0,3%	0,0%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	31,0%	32,0%	5,6%	1,0%	0,3%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	57,1%	30,7%	10,4%	1,7%	0,0%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	42,5%	42,1%	13,0%	2,3%	0,0%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	40,6%	43,0%	14,7%	1,7%	0,0%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	40,8%	36,0%	3,1%	0,3%	0,0%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	49,7%	32,4%	13,6%	4,1%	0,3%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	36,2%	38,5%	23,8%	1,5%	0,0%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	33,9%	45,4%	19,5%	1,1%	0,0%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	45,5%	44,9%	9,3%	0,3%	0,0%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	36,3%	38,7%	20,3%	3,7%	1,0%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	42,1%	36,1%	18,1%	3,4%	0,3%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	40,8%	42,9%	6,4%	0,0%	0,0%
Moodle síða áfangans er gagnleg	41,9%	29,1%	24,7%	1,3%	2,9%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	43,2%	38,6%	13,6%	3,8%	0,8%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	56,3%	30,7%	11,8%	0,5%	0,7%

Hlutfall hópa þar sem minnst 80% nemenda eru frekar sammála eða mjög sammála

Spurning	Hlutfall hópa
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	69,2%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	92,3%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	100,0%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	69,2%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	84,6%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	69,2%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	100,0%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	84,6%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt	53,8%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	53,8%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	84,6%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	69,2%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	69,2%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	92,3%
Moodle síða áfangans er gagnleg	76,9%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	84,6%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	69,2%

### Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Niðurstöður eru settar fram annars vegar sem ein heild og hins vegar sem hlutfall hópa en eru ekki kyngreindar. Tekið var upp nýtt fyrirkomulag á áfangakönnunum og því er ekki hægt að bera niðurstöðurnar saman við fyrri kannanir.

Styrkleika er að finna í að nemendur telja kennara útskýra efnið vel í tímum, kennara hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim og telja sig bera ábyrgð á eigin námi.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og finnst kennarar hvorki hvetja nemendur til að hugsa á gagnrýnninn hátt né til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fjöldi svarenda sem ekki tóku afstöðu til spurningar („Hvorki sammála né ósammála“) var allt upp í 25% þegar horft er á heildina og allt upp í 100% innan hóps og því kannski óvarlegt að lesa of mikið í hlutfall þeirra sem voru frekar eða mjög sammála. Ákveðið var að taka svarmöguleikann „Hvorki sammála né ósammála“ út í næstu áfangakönnun.



## Áfangakönnun á vorönn 2024

### Heildarniðurstöður

Spurning	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	31,6%	44,1%	19,1%	5,1%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	30,9%	47,8%	16,2%	5,1%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	42,6%	38,2%	13,2%	5,9%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	47,1%	35,3%	11,8%	5,9%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	40,4%	47,1%	10,3%	2,2%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	37,8%	47,4%	10,4%	4,4%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	48,5%	41,2%	6,6%	3,7%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	47,1%	36,8%	10,3%	5,9%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	37,5%	47,8%	10,3%	4,4%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	38,2%	46,3%	10,3%	5,1%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	44,9%	47,1%	4,4%	3,7%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	32,1%	40,3%	20,9%	6,7%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	34,6%	43,4%	13,2%	8,8%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	51,5%	44,8%	3,0%	0,7%
Moodle síða áfangans er gagnleg	32,1%	44,0%	11,2%	12,7%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	38,5%	45,2%	10,4%	5,9%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	41,2%	45,6%	8,8%	4,4%
Áfanginn er í heildina góður	41,9%	41,9%	10,3%	5,9%

## Meðaltöl hópa

Spurning	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	36,4%	44,3%	16,1%	3,3%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	30,5%	51,9%	14,4%	3,3%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	43,4%	38,6%	13,5%	4,4%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	51,4%	33,7%	10,7%	4,2%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	42,7%	47,4%	8,0%	1,9%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	41,3%	46,5%	9,3%	2,9%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	54,1%	37,3%	6,1%	2,5%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	49,0%	36,9%	8,9%	5,2%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	41,5%	46,4%	8,9%	3,2%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	40,6%	46,1%	9,4%	3,9%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	47,6%	45,9%	3,7%	2,8%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	34,1%	43,3%	17,0%	5,6%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	36,2%	45,5%	11,7%	6,5%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	53,5%	44,0%	2,1%	0,4%
Moodle síða áfangans er gagnleg	29,8%	45,7%	10,2%	14,2%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	38,8%	46,3%	9,8%	5,1%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	40,6%	49,6%	6,7%	3,2%
Áfanginn er í heildina góður	45,2%	42,0%	8,6%	4,3%

Hlutfall hópa þar sem minnst 80% nemenda eru frekar sammála eða mjög sammála

Spurning	Hlutfall hópa
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	73,3%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	73,3%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	66,7%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	60,0%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	93,3%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	73,3%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst vel við þeim	86,7%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	73,3%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	73,3%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	73,3%
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða	93,3%
Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum í tímum	60,0%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	60,0%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	100,0%
Moodle síða áfangans er gagnleg	53,3%
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð	73,3%
Skipulag vörðudaga í áfanganum er gott	86,7%
Áfanginn er í heildina góður	80,0%

### Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Niðurstöður eru settar fram annars vegar sem ein heild og hins vegar sem hlutfall hópa en eru ekki kyngreindar. Breyting var aftur gerð á áfangakönnunum og því er ekki hægt að bera niðurstöðurnar saman við fyrri kannanir.


Styrkleika er að finna í að nemendur telja sig taka virkan þátt í kennslustundum og bera ábyrgð á eigin námi, kennara hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim og skipulag vörðudaga vera gott.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja moodle síðu ekki gagnlega og kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum. Þá telja nemendur í mörgum hópum kennara ekki útskýra námsefnið vel og ekki hvetja sig til að gera sitt besta og telja sig ekki fá leiðbeinandi mat um stöðu sína í áfanganum.

Gæðamarkmiði um að 80% nemenda í 80% hópa séu sammála því að áfanginn sé góður er náð.


## Sameyki – Stofnun ársins 2023

### Helstu niðurstöður - Samanburður



## Helstu niðurstöður - Þættir

### Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra



### Mestu breytingar

Tíu mestu breytingar eru valdar úr spurningunum sem mynda þætti úr Stofnun ársins – aðrar spurningar gætu hafa breyst meira

Spurningar	Breyting
Laun starfsfólks stofnunarinnar eru ákveðin af sanngirni.	-0.35
Ánægja með tölvu- og tækjabúnað.	-0.34
Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð.	0.33
Það er skýrt til hvers næsti yfirmaður minn ætlast til af mér.	0.31
Ánægja með vinnu- eða skrifstofurými.	-0.24
Þegar á heildina er litið er stofnunin sem ég starfa hjá talin vera mjög traust.	0.23
Ánægja með lýsingu.	-0.23
Ég fæ stuðning og hvatningu frá næsta yfirmanni mínum.	0.22
Þegar á heildina er litið hafa viðskiptavinir/þjónustubegar jákvæða afstöðu til stofnunarinnar.	0.22
Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar.	-0.22

### Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Í könnuninni var þáttgreining (factor analysis) notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttgreiningunni koma í megindráttum fram níu þættir og vægi hvers þátta í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni. Þættirnir og vægi þeirra eru: Stjórnun 15%, starfsandi 13%, launakjör 9%, vinnuskilyrði 11%, sveigjanleiki í vinnu 9%, sjálfstæði í starfi 8%, ímynd stofnunar 11% , ánægja og stolt 11% og jafnrétti 13%. Heildareinkunn og einkunnir þátta taka gildi á bilinu 1 til 5, þar sem 1 gefur til kynna mesta óánægju en 5 gefur til kynna mesta ánægju eða jákvæðustu afstöðuna.

Skólinn stendur sig skv. könnunni mjög vel í flestum þáttum en sem fyrr er þátturinn „Launakjör“ talsvert lægri en aðrir flokkar þó þar sé skólinn tiltölulega hár í öllum samanburði við aðra. Breytingar á meðaltölum þáttanna frá síðasta ári eru ekki markverðar en ánægjulegt er að þátturinn „Ímynd stofnunar“ hækkar um 0,26 milli ára.

Styrkleika er að finna í að fleiri telja umræðu um skólann jákvæða og að það sé skýrt til hvers yfirmaður þeirra ætlast til af þeim.

Veikleika er að finna í að færri telja laun starfsfólks skólans ákveðin af og sanngirni og ánægja með tölvu- og tækjabúnað minnkar.

Gæðamarkmiði um að starfsánægja starfsfólks sé að minnsta kosti fjórir af fimm mögulegum að meðaltali er náð (4,61).

## Skólapúlsinn

Breyting milli ára

Matsþættir	Niðurstaða	Breyting
Víðhorf og hollusta gagnvart skólanum	68,3%	1,1%
Samsömun við nemendahópinn	4,6	0,5
Stuðningur kennara við nemendur	5,6	0,3
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	-0,2
Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,5	0,7
Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6,3	0,3
Jafnrétti í skólanum	4,2	-
Námsáhugi	6,1	0,4
Vinnulag í námi	4,6	0,2
Fjarvera: Seinkomur í tíma	66,7%	-1,0%
Fjarvera: Skróp í tíma	58,7%	1,8%
Fjarvera án leyfis heilan dag	41,3%	5,9%
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	44,1 klst.	-4,3 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	23,9 klst.	-1,1 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	3,2 klst.	-1,7 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	11,0 klst.	0,6 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómstundir og æfingar	6,0 klst.	-2,0 klst.
Vellíðan	5,3	0,8
Hamingja	82,4%	17,1%
Sjálfsálit	4,6	0,3
Stjórn á eigin lífi	3,8	0,2
Punglyndi	12,9%	-6,2%
Kvíði	14,5%	-19,8%
Svefnleysi	35,9%	2,6%
Einelti	14,3%	3,5%
Áreitni og ofbeldi	21,3%	3,1%

## Samanburður við aðra skóla

Matsþættir	Niðurstaða	Viðmið	Mismunur
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	68,3%	69,8%	-1,50%
Samsömun við nemendahópinn	4,6	4,6	0
Stuðningur kennara við nemendur	5,6	5,6	0
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	5,4	0
Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,5	5,7	0,8
Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6,3	6	0,3
Jafnrétti í skólanum	4,2	4,9	-0,7
Námsáhugi	6,1	5,8	0,3
Vinnulag í námi	4,6	5,1	-0,5
Fjarvera: Seinkomur í tíma	66,7%	67,5%	-0,8%
Fjarvera: Skróp í tíma	58,7%	45,7%	13,0%
Fjarvera án leyfis heilan dag	41,3%	25,4%	15,9%
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	44,1 klst.	45,5 klst.	-1,4 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	23,9 klst.	24,3 klst.	-0,4 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	3,2 klst.	5,6 klst.	-2,4 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	11,0 klst.	9,5 klst.	1,5 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómstundir og æfingar	6,0 klst.	6,0 klst.	0,0 klst.
Vellíðan	5,3	4,3	1,0
Hamingja	82,4%	65,9%	16,5%
Sjálfsálit	4,6	4,4	0,2
Stjórn á eigin lífi	3,8	3,7	0,1
Þunglyndi	12,9%	17,0%	-4,1%
Kvíði	14,5%	33,3%	-18,8%
Svefnleysi	35,9%	36,9%	-1,0%
Einelti	14,3%	14,1%	0,2%
Áreitni og ofbeldi	21,3%	27,7%	-6,4%

## Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 (staðalniur) eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalniúkvarða uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstaða hvers matsþáttar er borin saman við heildarútkomu allra þáttökuskóla (dálkurinn „Viðmið“), breyting skólans frá síðasta ári er gefin upp í dálknum „Breyting“. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður. Í samanburðinum við landsmeðaltal er mismunurinn feitletraður ef hann er tölfræðilega marktækur.

Helstu styrkleikar eru að nemendur skólans upplifa meiri vellíðan, eru hamingjusamari og minna kvíðnir en nemendur í öðrum skólum. Í öllum þessum þáttum er marktækur munur á niðurstöðum skólans og landsmeðaltali og mikil jákvæð breyting frá síðustu könnun.

Helstu veikleikar eru að nemendur skólans eru meira fjarverandi án leyfis og upplifa minna jafnrétti innan skólans en nemendur annarra skóla.



## Umbótatillögur

Sjálfsmatsnefnd leggur til eftirfarandi umbótatillögur:

### Bæta við könnun:

Að bæta við einni könnun sem fer fram munnlega. Spurning hvort hún gæti verið um skólabrag, nokkrar mjög einfaldar spurningar. Gæti nemendafélagið séð um hana? Þarf að þróa með nemendafélaginu.

**Tillaga: Að þróa, í samstarfi við nemendafélagið, einfalda könnun um skólabrag.**

### Fjölbreyttar kennsluaðferðir:

Auka fjölbreytni í kennsluaðferðum með styttri námskeiðum innanhúss. Deila boðskapnum varðandi nýjar kennsluaðferðir.

**Tillaga: Að árlega sé tekinn tími fyrir kennara til að miðla fjölbreyttum kennsluaðferðum sín á milli**

### Gagnrýnin hugsun nemenda og tjáning/sjónarmið

Kennarar þurfa að vera með verkefni sem stuðla að því að þau setja fram sínar skoðanir, fá nemendur til að útbúa verkefni úr námsefni, ekki festast í staðreyndum.

**Tillaga: Sú sama og hér fyrir ofan varðandi fjölbreyttar kennsluaðferðir, fellur þar undir**

### Kennari útskýrir námsefnið í tímum og hvetur mig til að gera sitt besta

Sjá nánar um kennsluaðferðir og rökhugsun. Fellur allt undir það sama.

**Tillaga: Sama og um kennsluaðferðirnar og rökhugsunina.**

### Moodle-síða áfanga:

Margar síður illa skipulagðar, of litlar eða of miklar uppl., nemandi ætti að geta séð hvað fór fram á meðan hann var í burtu og hvaða verkefni voru unnin. Dagskrá fyrir hverja viku á snyrtilegan hátt og hafa verkefni í skilahólfum. Kannski þarf að fara yfir hvernig á að setja upp Moodle síður og hvernig fyrirmyndar-síður eru.

**Tillaga: Að í upphafi skólaárs sé sent myndband á starfandi kennara þar sem koma leiðbeiningar um hvernig fyrirmyndar-síða lítur út?**

### Fjarvera nemenda:

Kalla eftir umsjónarkennurum sem fylgjast með mætingum og bregðast fyrir við í samstarfi við stuðningsnet skólans. Í dag virðast nemendur geta verið fjarverandi án inngrips og eru alltaf inní áfanganum þrátt fyrir að hafa misst mikið úr.

**Tillaga: Að settir verði á umsjónarkennarar sem eru með afmarkaða hópa og bregðast við í samstarfi við stuðningsnet skólans.**

### Einelti/áreitni og ofbeldi

Það eru til áætlanir en spurning hvort það sé nægilega skýrt hvernig nemendur og aðrir geti tilkynnt eða borið sig að. Þyrfti að kynna fyrir nemendum hvernig á að tilkynna.

**Tillaga: Kynna fyrir nemendum og öðrum hvernig tilkynna megi einelti, áreiti eða annað ofbeldi.**

### Varðandi frí og laun

Ekki talin þörf á að grípa þar inní. Launaröðun er samkvæmt kjarasamningi og flestir virðast geta fengið frí þegar á þarf að halda.